



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

567. stjórnarfundur fimmtudaginn 26. ágúst 2021 kl. 18:00

Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Birgir Már Bragason, Jónína Steinunn Helgadóttir, Björg Hafsteinsdóttir. Sveinbjörg Sigurðardóttir fjarverandi.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Bréf frá UMFÍ: Fréttabréf ULM, Guðrún Tryggvadóttir, Gleði á Selfossi, engar takmarkanir og ULM frestað. Fyrri þingboð á 52. sambandsþing og kjörbréf.

Boðsbréf, Vígsla á minnismerki um Hafstein Guðmundsson.

Seinna fundarboð ársþing ÍRB.

Bréf frá RNB vegna umsóknar um styrk vegna fasteignaskatts Hringbraut 108.

Bréf frá RNB vegna umsóknar knattspyrnudeilda Keflavíkur og Njarðvíkur um nafnabreytingu á Reykjaneshöllinni.

Bréf frá RNB vegna knattspyrnuvallar á Ásbrú

Fundagerðir unglíngaráðs knattspyrnudeildar

3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir og ráð.

Tölvupóstur sendur á Tryggva Þór Bragason deildarstjóra eignaumsýslu Reykjanesbæjar vegna vínílparkets á gólf í félagsheimili okkar.

4. Ársþing ÍRB

Ársþingið ÍRB var haldið 30. júní. Guðbergur Reynisson var endurkjörinn sem formaður og Hjördís Baldursdóttir var kjörin í stjórn ÍRB. Keflavík mætti með sína tíu þingfulltrúa.

5. Félagsheimili Keflavíkur

Búið er að mála efri hæðina og sækja um leyfi hjá Reykjanesbæ að setja vínílparket á gólfið.

Reykjanesbær hefur samþykkt að setja vínílparket á efri hæðina. Keflavík leggur út fyrir parketi og vinnu og fær það svo endurgreitt hjá Reykjanesbæ á tveimur árum.

Framkvæmdastjóra falið að kaupa parket og fá aðila til að leggja það. Ýmsar hugmyndir ræddar frá nefndinni um frekari framkvæmdir og innkaup.

6. Sunddeild

Á ársþingi ÍRB var rædd möguleg sameining sunddeildar Keflavíkur og sunddeildar Njarðvíkur í nýju félagi. Ákveðið að Einar og Birgir Már ræði við fulltrúa sunddeildar Keflavíkur.

7. Þjálfarastyrkur Reykjanesbæjar

ÍRB hefur boðað til fundar á mánudaginn um þjálfarastyrkinn.



8. Stökkmót

Stökkmót Keflavíkur fyrir öldunga var haldið 5. júní. Mótið skilað hagnaði upp á 12 þúsund.

9. Sambandsþing UMFÍ

Sambandsþing UMFÍ verður haldið á Húsavík 15. – 17. október 2021. Kjörbréf liggur fyrir. Stjórnmenn Keflavíkur verða þingfulltrúar.

10. Önnur mál

- A. Viðreisn leigir Hringbraut 108 frá 10. ágúst – 30. september. Leigan hefur verið greidd.
- B. Frumherji leigir aðstöðu í félagsheimilinu miðvikudaga og fimmtudaga frá kl 8:00 – 16:00 og vilja langtímaleigu. Samþykkt og framkvæmdastjóra heimilt að gera samning við Frumherja.
- C. Ákveðið að fundir aðalstjórnar verði á þriðjudögum í vetur.
- D. Umræða um að virkja deildir til að senda fréttir á heimasíðuna á Hjördísi íþróttastjóra.
- E. Umræða um lyftingarsalinn, það þarf að fara í að endurnýja tæki og laga til aðstöðuna.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 7. september.

Fundi slitið kl. 19:00

Fundinn ritaði Eva Björk